

Nd.

541. Frumvarp til laga

um bæjargjöld á Ísafirði.

(Eftir 3. umr. i Ed.).

1. gr.

Fé það, sem þarf til að standa straum af útgjöldum Ísafjarðarkaupstaðar, skal, að því leyti, sem aðrar tekjur hrökkva ekki til, fengið með því að leggja gjald á allar fasteignir í lögsagnarumdæminu, hús, bryggjur, uppfyllingar, lóðir, byggðar og óbyggðar o. s. frv., að nndanskildum fasteignum rikissjóðs og bæjarsjóðs, kirkjum, sjúkrahúsum, skólahúsum, bókasafnshúsum og öðrum menningar- og líknarstofnunum.

2. gr.

Fasteignagjaldið skal vera:

- a. Af húsum og bryggjum 0.4%—1%.
- b. Af lóðum og öðrum fasteignum 0.1%—1%.
- c. Af lóðum og löndum, sem með sérstökum samningi við bæjarstjórn eða með samþykki hennar eru ætlaðar til ræktunar, fiskreita eða annara hliðstæðra afnota, og ekki eru byggingarlóðir, 0,1%.

Gjaldið skal miða við fasteignamat, og skal það vera mismunandi, eftir því til hvers eignirnar eru notaðar, og af húsum ennfremur mismunandi eftir verðmæti þeirra, miðað við fasteignamatsverð og íbúafjölda, allt eftir nánari fyrir-mælum i reglugerð.

3. gr.

Gjalddagi á gjöldum samkv. 1. og 2. gr. er 1. febrúar ár hvert, og hvila gjöldin sem lögveð á fasteign þeirri, sem þau eru lögð á, og skulu ásamt dráttarvöxtum i tvö ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum kröfum á eigninni.

Brenni hús eða skattskyldt mannvirki eyðileggist, hafa þessi gjöld forgangs-rétt i bruna- eða skaðabótum.

4. gr.

Séu gjöld þessi ekki greidd áður en 2 mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, skal eigandi fasteignar greiða bæjarsjóði dráttarvexti, er nemi einum af hundraði fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, er liður frá gjalddaga, unz gjaldið er að fullu greitt.

5. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðar setur með reglugerð, er atvinnumálaráðherra staðfestir, nánari fyrir-mæli um gjöld þessi, eftir því sem þurfa þykir.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar, og er þá jafnframt úr gildi numin 18. gr. laga um bæjarstjórn á Ísafrði.

Bráðabirgðaákvæði.

Fasteignagjald samkv. lögum þessum greiðist hið fyrsta sinn árið 1936, og er gjalddagi þess ákveðinn hinn 1. júlí það ár.